

Skólaráðsfundur 11. maí 2023,

Mættir: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Hulda H fulltrúi kennara, Særós Pálsdóttir fulltrúi starfsmanna, Magnea Ósk fulltrúi foreldra, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir fulltrúi foreldra og Frosti Kjartan fulltrúi nemenda.

Jóhann Gunnar fulltrúi kennara, Hámundur Örn framkvæmdarstjóri UMFN og fulltrúi grenndarsamfélagsins og Íris Björk fulltrúi nemenda boðuðu forföll.

1. Ráðningarmál – búið að auglýsa og það bærust ekki margar umsóknir fyrir utan þá sem eru hér sem leiðbeinendur og eru í námi. Ásgerður er að vinna í ráðningarmálum þessa dagana.
2. Umbætur og verkefni á næsta skólaári – erum að fara í verkefni með Nönnu Kristínu með leiðsagnarnám. Fengum tvo góða styrki til að keyra verkefnið. Búið að auglýsa eftir leiðtogum til að stýra verkefninu í teymi. Einnig var sótt um í sjóðin forritarar til framtíðar til að efla forritunarkennslu.
3. Framkvæmdir og viðhald húsnæðis, klæðning verður sett á skólann að framanverðu í sumar, umsjónamaður fasteignar og deildastjóri eldra stigs kortlögðu rými skólans, sýni hafa verið tekin í nokkrum rýmum og sýnataka kom þannig út í smíða- og myndlistarstofu að það þurfti að loka þeim rýmum. Ávallt eru tekin sýni þegar ábendingar berast. Nú er verið að bíða eftir niðurstöðu um nokkur rými. Rætt um loftvist, t.d. að opna glugga og litla umgengni á sumartíma og í fríum. Lögð áhersla á að upplýsa alltaf starfsfólk og forráðamenn um niðurstöður.
4. Önnur mál:
  - a. Stefnir í verkfall hjá starfsfólki BSRB 23.-25. maí. Verkfall mun hafa mikil áhrif á skólastarf og fyrirséð það það verði skert kennsla þessa daga komi til verkfalls.
  - b. Ásgerður sagði frá afmælishátíð sérdeildar Ösp föstudaginn 12. maí kl. 15:00-16:00 þar sem allir eru velkomnir.
  - c. Ásgerður sagði frá breytingum á viðurkenningum á skólaslitum en nú verða aðeins veittar viðurkenningar í 10. bekk
  - d. Rætt um námsmat og hvernig það er framsett.
  - e. Vorhátíð er 5. júní, foreldrafélagið aðstoðar við framleiðslu á pylsuveislu, skoða styrk fyrir atriði á vorhátíð. Biðja HR um að heyra í
  - f. Farið yfir tímasetningar skólaslita, 10. bekkur verður 5. júní eftir hádegi og 1.-9. bekkur verður 6. júní.
  - g. Skólapeysur – sala gengið vel og hrós til nemendaráðs fyrir dugnað við mátunardaga og afhendingu.
  - h. Hrós vegna Skólahreysti, bæði fyrir stuðningsliðið og frammistöðu á liðinu.
  - i. Opið hús hjá nemendaráði í gær, ágætlega sótt og rætt um að gera þetta hluta af menningu skólans. Rætt um ýmsa viðburði hjá nemendaráði.
  - j. Kynningar á valgreinum voru í morgun, fjölbreytt námskeið í boði
  - k. Frosti spurði um stöðu á beiðni um að gefa út skólablað, ákveðið að hittast í haust og ræða framkvæmd þess.

Fundarritun: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri.